

Æskulýðsnefnd hestamannafélagsins Sleipnis.

Ársskýrsla veturinn 2021- 2022



Æskulýðsstarfið.....	3
Æskulýðsnefnd Sleipnis 2021-2022.....	4
Ungmennaráð.....	4
Hauststarf 2021 - reiðnámskeið	4
Starf án hesta en um hesta.....	5
Bóklegir tímar.....	5
Pub Quiz spilakvöld og Loppumarkaðir.....	6
Steina – bling námskeið hjá Siggu Pjé	7
Reiðnámskeið.....	8
Almennt námskeið.....	8
Uppbygging og þjálfun reið- og keppnishesta.....	9
Samstarf við FSu.....	9
Hestafjör	10
Annað starf	11
1. Maí.....	12
17. júní.....	13
Félagshesthús.....	14
Reiðskóli Sleipnis og Katrínar Evu	15
Að lokum.....	17

Æskulýðsstarfið.

Hestamannafélagið Sleipnir var stofnað 9. Júní 1929 og hefur alla tíð verið fjölmennt hestamannafélag, þar sem gleði og samheldni ræður ríkjum og hefur æskulýðsstarf þess alltaf verið nokkuð virkt. Í Sleipni eru krakkar frá Selfossi og úr nærsveitum, eru félagar í Sleipni rúmlega 600 talsins.

Markmið æskulýðsnefndarinnar er að vinna að öflugu og fjölbreyttu æskulýðsstarfi, sem tekur á sem víðastann hátt á öllu því sem hestamennskan hefur upp á að bjóða. Reynt er að ná til bæði þeirra sem vilja iðka hestamennskuna sem keppnisíþrótt og einnig sem félagsstarf og áhugamál. Með því að bjóða upp á sem fjölbreyttast starf erum við bæði að reyna að stuðla að nýliðun meðal ungu knapanna okkar og eins að halda í þá sem komnir eru upp í unglina- og ungmennaflokk. Gott starf æskulýðsnefndar er nauðsynlegt, því krakkarnir eru framtíð félagsins og hefur stjórn Sleipnis stutt vel við bakið á æskulýðsnefnd með kaupum á góðum búnaði sem notaður hefur verið við kennslu, ásamt því að við höfum fengið styrki frá félagasamtökum. Í byrjun árs 2021 fór Sleipnir í samstarf við Sveitarfélagið Árborg um að starfrækja félagshesthús fyrir börn og unglina sem ekki hafa aðgang að hestum, er það starf enn í gangi.

Sleipnir hlaut hinn eftirsóttu Æskulýðsbikar LH fyrir starf sitt árið 2020-2021 og fékk jafnframt endurnýjun á fyrirmyndarfélagstitli sínum.



Æskulýðsnefnd Sleipnis 2021-2022.

Æskulýðsnefnd Sleipnis er skipuð eftirfarandi einstaklingum:

Guðrún Linda Björgvinsdóttir, formaður

Ragnhildur Loftsdóttir

Bianca Elísabet Treffer

Halldóra Ólafsdóttir

Birna Rán Magnúsdóttir

Sunna Sigurðardóttir

Anna Björg Nielsdóttir er tengiliður æskulýðsnefndar við stjórn Sleipnis.

Ungmennaráð.

Á Haustmánuðum 2021 stofnaði Æskulýðsnefnd ungmennaráð, sem skipað er af 6 krökkum á aldrinum 13-16 ára. Kemur ráðið að ákvörðunum og skipulagningu félagsstarfsins, ákvörðunum um reiðkennara, námskeið og viðburði.

Í ráðinu sitja

María Björk Leifsdóttir

Viktor Óli Helgason

Diljá Marín

Júlía Sól Sigurfinnsdóttir

Ásta Dís Ingimarsdóttir

Guðbjörg Jóna

Hauststarf 2021 - reiðnámskeið

Markmið hestamannafélaga víðsvegar á landinu er að fá félögin skilgreind sem íþróttafélög og er það vilji okkar í stjórn æskulýðsnefndarinnar að börnum gefist kostur á því að stunda hestamennskuna fleiri mánuði á ári. Í fyrra prufuðum við að bjóða upp á haustnámskeið sem gafst vel og endurtókum við leikinn í ár. Byrjaði námskeið í október sem stóð fram að jólum. Var markmið þess að horfa á upphaf þjálfunar á hestinum og uppbyggingu hans fyrir komandi tímabil, hvort sem um keppnishest eða almennan reiðhest var að ræða. Árný Oddbjörg Oddsdóttir kenndi þetta námskeið og voru nemendur annað hvort einir í tíma eða tveir saman.


Starf án hesta en um hesta.

Okkur hefur reynst vel að bjóða upp á viðburði um hesta en án hesta og höfum við staðið fyrir allskonar námskeiðum í þeim dúr á haustin. Reynsln hefur verið sú að þessir viðburðir hristi hópinn saman og bjóða þeim sem ekki eru búnir að taka inn upp á bóklega kennslu og fræðslu. Þessir tímar hafa hrist hópinn saman og gert meiri samfellu í hestamannskuna þó hestar séu ekki á húsi.

Bóklegir tímar.

Við fengum Sigríði Pjétursdóttur reiðkennara og dómara til að vera með bóklega tíma fyrir okkur á haustönninni. Hún kenndi aðra hverja viku og var gestakennari hina vikuna á móti.

Fór Sigga í atriði eins og rétta uppbyggingu hestsins fyrir komandi tímabil – markmiðssetningu knapa í þjálfun – mikilvægi réttrar ásetu og þess að vera í góðu líkamlegu formi – kom með heilan helling af alskonar málum og höfuðleðrum þar sem nemendur spáðu í mismunandi virkni þeirra.



Gestakennarar voru Árný Oddbjörg Oddsdóttir sem fór yfir hvað þarf að hafa í huga þegar hestur er tekinn á hús – Glódís Rún og Védís Huld komu sem fulltrúar yngri kynslóðarinnar í

hópi afreksknapa og fjölluðu um hvaða áherslur þær lögðu á í þjálfun á hestum sínum, hvernig þær byggðu þá upp og hvað þeim þætti mikilvægast að hafa í huga þessu tengdu. Guðmundur Björgvinsson kom sem fulltrúi atvinnumanna og landsliðsknappa og svaraði 27 spurningum sem krakkarnir höfðu sent á hann fyrir tímann – Sigurður Torfi kom og fór yfir mikilvægi góðrar hófhirðu og járninga, hann var bæði með bóklegan tíma og fór svo líka yfir járningu á hesti í hesthúsinu hjá okkur og Áslaug Fjóla sem kynnti fyrir nemendum kennsluna á hestabraut FSu.



Pub Quiz spilakvöld og Loppumarkaðir



Nokkur spila-, Pub Quiz og pizzukvöld eru haldin allt árið um kring. Krakkarnir hittast þá, spjalla, spila og hafa gaman. Á pub Quiz kvöldunum voru ýmsar hestatengdar spurningar og voru verðlaun fyrir vinningsliðið, voru það Baldvin og Þorvaldur og Húsasmiðjan sem gáfu vinninga. Æskulýðsnefnd býður yfirleitt upp á pizzur eða léttari veitingar á þessum kvöldum.

Eins höfum við verið með reiðfata loppu- og skiptimarkað tengt þessum kvöldum hjá okkur, þar sem gefst tækifæri til að kaupa sér eða skipta út reiðfatnaði sem er lítið notaður og uppfæra stærðir fyrir þá sem það þurfa, eða bara eignast nýtt/notað dót.



Steina – bling námskeið hjá Siggu Pjé



Sigríður Pjétursdóttir og Birgitte Kjær buðu upp á steina/bling námskeið á Sólvandi í byrjun desember. Þangað mættu 30 manns til að læra að steina beislu – nasamúla – hnakkskraut eða hundaólar. Gerðu flestir ennisólar á beisli og voru allir mjög ánægðir með námskeiðið og útkomuna, vel skreyttir hestar sem riðu um götur Sleipnis þennan veturinn.

Reiðnámskeið.

Námskeiðin okkar ganga út á það að kenna nemendum allt frá almennri fræðslu eins og undirstöðuatriði er varðar útbúnað og umhirðu hestsins, grunngangtegundir, stöðvunar- og fimíæfingar, að undirstöðuatriðum í þjálfun og uppbyggingu hestsins fyrir keppni, allt eftir vilja og reynslu hvers knapa fyrir sig, en umfram allt horfum við á að hver og einn hafi gaman að tímanum, læri eitthvað við sitt hæfi og njóti hestamennskunnar. Við buðum upp á tvenns konar námskeið eins og áður, almennt námskeið og námskeiðið uppbygging og þjálfun reið- og keppnishesta, en í því síðarnefnda höfum við reynt að bjóða bæði upp á einkatíma eða tvo-þrjá saman í tíma..



Almennt námskeið.

Almenna námskeiðið stóð yfir í 2x 8 vikur og var áhersla lögð á samspil knapa og hests í bland við leiki, þrautir og fræðslu. Við ákváðum að leggja meiri áherslu á kennslu og að reyna að hafa ekki stærri hópa en 5 nemendur í einu. Kennari á námskeiðinu var Katrín Eva Grétarsdóttir.

Á almenna námskeiðinu var farið í allskonar æfingar á hestinum, riðnar þrautir og kenndar léttar hlýðni- og fimíæfingar. Lögð var meiri áhersla á að nemendur þekktu hestinn sinn og gerðu sér betur grein fyrir hvaða æfingar gætu haft jákvæð áhrif á hann. Eins kynntum við nemendur fyrir TREK þrautum sem vöktu mikla lukku og er klárlega eitthvað sem við munum gera meira af.



Uppbygging og þjálfun reið- og keppnishesta.

Námskeiðið byrjaði í október og hófst á því að kennari fór í upphaf þjálfunar og uppbyggingu á hestinum fyrir komandi tímabil. Kennarar voru ýmsar hlýðni og fimiæfingar sem hafa góð áhrif á hestana. Kennari fyrir áramót var Árný Oddbjörg Oddsdóttir.

Námskeiðið hélt svo áfram eftir áramót og var það bæði inni í reiðhöll og svo einnig úti á keppnisvelli. Við lögðum áfram áherslu á að nemendurnir fengju meiri fræðslu á lögum og reglum sem gilda á mótum, t.d. bara það hvernig eigi að ríða í og úr braut, hvernig uppbygging prógramma er og hvað dómara horfa helst á. Í þessum tímum er kennslan einstaklingsbundnari og farið betur í að þjálfa upp þau atriði sem knapinn vill leggja áherslu á með sínum hesti, nemendur gátu valið um að vera einir í tíma í 20 mín eða tveir saman í 40 mín. Námskeiðið er bæði úti og inni, allt eftir vilja knapans og hvaða áherslur hann vill leggja á í sinni þjálfun. Námskeiðið var fram að landsmóti. Sigríður Þjétersdóttir kenndi námskeiðið.

Við enduðum keppnisnámskeiðið á því að krakkarnir mættu á keppnisvöllinn og riðu keppnisprógramm að eigin vali, voru tekin upp á videó og fengu ráðleggingar frá kennaranum hvað betur mætti fara og fengu aðra tilraun með ráðleggingar í huga.

Sigga tók svo einnig Landsmótsknapa Sleipnis að sér og var með kennslu fyrir þá sem vildu fyrir landsmót, aðstoðaði við uppsetningu á prógrömmum og kom með góðar ábendingar.

Samstarf við FSu.

Við erum svo heppin að vera í góðu samstarfi við hestabraut FSu og fengu nemendur okkar nokkrum sinnum boð að koma í Votmúla í tíma, þar sem nemendur FSu voru að kenna þeim sætisæfingar, undir leiðsögn kennara síns. Nemendur á þriðja ári hestabrautar FSU tóku svo einnig þátt í kennslunni í nokkrum tímum í Reiðhöll Sleipnis. Var reiðhöllinni þá yfirleitt skipt í tvennt og hópunum skipt í minni hópa þar sem þau voru að kenna hestum sínum ýmsar æfingar.



Hestafjör



Þessi hátíðisdagur var haldinn á skírdag en æfingar hófust þremur vikum fyrr. Haldnar voru 5 æfingar sem stóðu yfir í u.þ.b. 45 mínútur í senn og svo generalprufa kvöldið fyrir sýningu. Krakkarnir sem komu fram í Hestafjöri 2022 voru 30, á aldrinum 3ja ára upp í 16 ára og var börnum í nágretta Hestamannafélögunum Ljúf, Háfeta og Jökli boðið að vera með. Kennari/þjálfari var Áslaug Fjóla Guðmundsdóttir.



Sýningaratriðin á Hestafjöri eru margvísleg, í upphafi dagskrár er fánareið sem unglingarnir okkar sáu um. Anna Björg Nielsdóttir, varaformaður Sleipnis, hélt stutt ávarp áður en dagskráin hófst. Svo rúlla atriðin hvert á fætur öðru, yngsti aldurshópurinn fyrst og svo koll af kolli, allir klæddir búningum af ýmsum toga. Fyrir hléi sýndu félagar úr línudanshópnum Dönsum á Selfossi línudans og hvöttu alla til að koma út á gólfið og dansa. Í hléinu voru seldar veitingar og rann innkoman til Æskulýðsnefndar. Eftir sýninguna spilaði Ármann Magnús Ármannsson trúbador fyrir gesti og pylsur í boði SS voru grillaðar, ásamt því að Ölgerðin gaf drykki. Margir hjálpuðust að við að gera þennan dag sem skemmtilegastan; sýnendur, kennarar/þjálfarar, þulurinn, tæknimaðurinn, Æskulýðsnefnd, foreldrar o.fl. Skemmtilegur dagur og vel heppnaður í alla staði.



Annað starf

Annað sem Æskulýðskrakkar brölluðu er t.d. að þau týndu rusla á reiðvegum á Bykohring og Skógarhring á Plokkdegi Árborgar.

Meðlimir Æskulýðsnefndar sjá einnig um að telja flöskur sem safnað er í dósagáma í hesthúsahverfinu og eru fjáröflun fyrir starfið og er t.d. óvissuferð okkar kostuð með dósapeningnum.



1. Maí.

6 krakkar úr Sleipni mættu á nokkrar æfingar í fánareið og sáu svo um fánareiddina í skróðgöngu 1 maí. Eftir skróðgönguna buðu krakkarnir svo upp á teymingu í reiðhöllinni.



17. júní.



Eins og undanfarin ár bauð æskulýðsnefnd upp á teymingu á 17 júní. Í ár var metaðsókn og löng röð út úr dyrum allan tímann sem teymingin var í boði. Þrír krakkar sáu svo um fánareið í skráðgöngu Árborgar. Fánareið á hestum sem fara fyrir skráðgöngunni er stórglæsileg og hátíðleg og unglinarnir okkar sem tóku þetta að sér sem fulltrúar Sleipnis féluginu til mikils sóma.



Félagshesthús.



Sleipnir, í samstarfi við Sveitarfélagið Árborg hófu tilraunaverkefni með félagshesthús í upphafi árs 2021. Gafst verkefnið vel og í október 2021 var leigt stórt og hentugt 20 hesta hús fyrir starfsemina. Tveir hópar fóru af stað í félagshesthúsinu og mættu krakkarnir tvisvar í viku, tvo tíma í senn. Fyrri tímann eru krakkarnir að sjá um hestana, moka stíjur og sinna þeim verkum sem þarf að gera í húsinu, inn í það fléttast svo allskonar fræðsla um aðbúnað og heilsufar hestana, hvað þurfi að hafa í huga og fylgjast með þegar við eigum hest. Krakkarnir leggja svo á og eru í reiðkennslu seinni klukkutímann. Í verkefninu eru 8-10 hestar og fá nemendur allan búnað lánaðann fyrir utan hjálm. Við höfum svo fengið bæði dýralækni til að koma og spjalla við krakkana um hestana, raspa og gefa lús og ormalyf og eins hefur járningamaður verið að járna og sýnt krökkunum hvað þurfi að hafa í huga við járningu og umhirðu hófa.

Haustið 2022 er svipað fyrirkomulag í félagshesthúsinu, nema að við förum í samstarf við Sunnulækjaskóla og eru nokkrir nemendur í 9 og 10 bekk sem aðstoða á námskeiðum hjá okkur tvisvar í viku og fá að ríða út um helgar, fá þau þessa tíma metna sem val í skólanum. Eru þetta nemendur sem einnig voru að vinna í reiðskólanum í sumar og þekkja því vel til okkar, krakkanna og hestanna.

Bíðst nemendum á hestabraut FSu einnig að leigja pláss í húsinu, annað hvort gegn greiðslu eða vinnuframlagi á námskeiðunum. Guðrún Linda Björgvinsdóttir og Guðbjörg Anna Guðbjörnsdóttir eru umsjónarmenn félagshesthússins og Katrín Eva Grétarsdóttir sér um reiðkennslu.

Reiðskóli Sleipnis og Katrínar Evu .



Á sumrin hefur Sleipnir starfrækt reiðskóla í samstarfi við reiðkennara, í sumar var það Katrín Eva Grétarsdóttir sem sá um starfsemina. Þar bauð hún upp á 5-10 daga námskeið þar sem börnin læra grunnatriði í hestamennsku, ásetu og stjórnun, farið er í útreiðatúra ásamt uppákomum í reiðhöll. Námskeiðið býður upp á hest, reiðtygi og hjálm. Reiðskólinn er mjög vel sóttur og í sumar voru 20 hópar sem tóku þátt og voru 160 krakkar skráðir í skólann. Krökkum úr vinnuskóla Árborgar og Flóahrepps bauðst að vinna í reiðskólanum og voru frábær viðbót við starfsmannateymið. Reiðskólinn býður upp á góða kennslu og samveru með hestunum og áttu nemendur, starfsmenn og hestar frábært sumar saman. Reiðskólinn er frábært tækifæri fyrir krakka til að kynnast hestamennskunni og erum við að sjá krakka skila sér inn á reiðnámskeið með sína eigin hesta síðar meir og ekki síður í félagshesthúsið í beinu framhaldi af námskeiðunum.





Samstarf hestamannafélaga.

Við viljum endilega vera í sem mestu samstarfi við hestamannafélögin í kringum okkur og væri frábært ef mótaröðin Æska suðurlands færi aftur í gang. Nokkrir knapar frá Háfeta og Jökli voru með okkur á Hestafjörðs sýningunni og eins voru Sleipnir, Ljúfur og Háfeti í samstarfi með reiðkennara fyrir landsmótið. Nokkrir Sleipniskrakkar voru svo glæsilegir fulltrúar félagsins í verðlaunaafhendingu á Landsmóti. Verður þó vonandi meira samstarf í vetur og er vilji til þess að taka t.d. aftur upp heimsóknir og sameiginlega reiðtúra milli félaganna.



Að lokum.

Gott starf æskulýðsnefndar í hverju félagi er nauðsynleg, því krakkarnir eru framtíð félagsins. Sleipnir hefur stutt vel við æskulýðsnefndina með hvers lags nýjungum sem við höfum beðið um til að bæta starfið. Mikill áhugi er meðal barna og unglinga í félaginu sem við reynum eftir bestu getu að efla og halda í starfinu. Til þess þurfum við að hafa fjölbreytt námskeið og tilboð sem henta sem breiðustum hópi. Til að ná til yngstu kynslóðarinnar er hugmyndin að hafa reglulega pollastundir, tengdar mótum félagsins, þar sem boðið er upp á þrautabraut og reiðleiðir sem henta hverju getustigi fyrir sig. Eins er fyrirhugað að æskulýðsnefnd verði í samráði við keppnisnefndir um að getuskipta barna- og unglingaflokki og hafa þá fyrir meira og minna vana. Æskulýðsnefnd Sleipnis er í skýjunum yfir því hve vel hefur tekist að bæði fá nýliða inn í starfið sem og að halda í þá sem eldri eru og hafa verið hjá okkur lengi. Er markmiðum okkar að bæði halda í krakkana okkar sem eru að eldast sem og að fá þá yngri inn því náð með fjölbreyttum tilboðum og öflugum starfi með og án hesta, því hópurinn okkar stækkar og stækkar og er samheldinn og þéttur hópur góðra félaga.

Það var okkur mikil hvatning að vinna hinn eftirsóttu Æskulýðsbikar LH og erum við með margt á plönunum fyrir starfið á komandi vetri.